

Fjölskyldan – hin lögfræðilega sýn

Komið þið sæl.

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir m.a. Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins, og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.

Undir þetta er tekið í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og um leið lögð áhersla á að fjölskyldan sé hið eðlilega umhverfi barns til vaxtar og þroska.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er vernduð í 71. gr. íslensku stjórnarskráinnar.

Þetta ákvæði 71. gr. felur ekki aðeins í sér að einkalíf, heimilis- og fjölskyldulíf manna skuli njóta verndar gegn afskiptum stjórnvalda heldur einnig að löggjafanum sé skylt að setja reglur til verndar einstaklingunum innbyrðis.

Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinna skal börnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þetta ákvæði verður rakið til 3. gr. samings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns – Barnasáttmálans – en ákvæði hans hafa nú öll öðlast lagagildi hér á landi þar með sömu stöðu og almenn lög, m.a. fyrir dómstólum og stjórnvöldum.

Menn eru félagsverur svo vitnað sé til Aristótelesar. Maður er manns gaman. Menn hneigjast til félagsskapar og samvista með margvíslegu sniði.

Af eðlishvöt leita menn samlífs og mynda ásamt maka, börnum og öðrum niðjum, sérstaka félagseiningu, fjölskyldu, margbreytilegrar gerðar og með mismunandi stöðu í samfélagi, tengslum og hlutverki.

Fjölskylduhugtakið er hvergi skilgreint í sífjalöggjöfinni og hugtakið fjölskylda er raunar fyrst og fremst félagslegt hugtak. Lög fjalla meir um einstaklingana innan fjölskyldunnar en fjölskylduna sem heildarhugtak, en innan þessa hugtaks rúmast, stórfjölskyldan, kjarnafjölskyldan, einforeldisfjölskylda, stjúpfjölskylda, systkinafjölskylda og svo mætti áfram telja. Hvarvetna á byggðu bóli virðast menn skipast í einhverskonar fjölskyldueiningar.

Í 5. gr. Barnasáttmálans, er einnig gengið út frá víðtækri skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda. Það getur jafnt átt við foreldra, lögráðamenn sem og stórfjölskyldu. Þessi skilgreining sáttmálans endurspeglar ólík fjölskylduform og

ólíkar samfélagshefðir innan aðildarríkja sáttmálans. Hins vegar er öllum aðildarríkjum skylt að virða skyldur og ábyrgð foreldra (eða þess sem í þeirra stað kemur). Með öðrum orðum þá ber hinu opinbera að halda afskiptum sínum í lágmarki svo lengi sem andi Barnasáttmálans er virtur innan fjölskyldunnar. Þetta er í samræmi við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

-
Fjölskyldan sem stofnun hefur tekið miklum stakkaskiptum í tímans rás. Miklar breytingar hafa átt sér stað. Fjölskyldugerðin, samsetning, stærð, verkefni og hlutverk hafa breyst svo um munar. Þessar breytingar má vafalaust rekja til félagsfræðilegra, uppeldisfræðilegra og siðfræðilegra viðhorfa, sem setur síðan sitt mark á fjölskyldupólítíkina og þar með fjölskyldulöggjöfina.

Breytt samfélagsgerð kallar á nýjungar í löggjöf, þ.á m. um málefni fjölskyldunnar, enda er mikilvægt að réttarreglur endurspegli eins og kostur er stöðu og hag fjölskyldunnar í þjóðfélaginu hverju sinni. Annað gæti leitt til upplausnar í þjóðfélaginu ef hornsteinn þess er ekki vel varinn - innan lagarammans.

-
Á undanförum árum og áratugum hefur verið mikil gróska - um alla Evrópu og hinn vestræna heim - í löggjafarstarfi varðandi málefni fjölskyldunnar. Segja má að varla hafi nokkurt annað lagasvið verið í jafn örri þróun og fjölskyldurétturinn. Hlutskipti og hlutverk fjölskyldunnar, hafa gjörbreyst á síðustu áratugum og til að svari kalli tímans hafa verið gerðar margar veigamiklar breytingar á ýmiss konar löggjöf um málefni fjölskyldunnar. Við hér á Íslandi höfum ekki farið varhluta af þessari þróun, sem m.a. má rekja til ýmissa alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Ný barnalög hafa litið dagsins ljós, barnaverndarlögum hefur verið breytt, ein hjúskaparlög hafa verið samþykkt - fyrir alla. Embætti umboðsmanns barna hefur verið lögfest og sannað sannað ápreifanlega gildi sitt. Ákvæði laga um tæknifrjógvun hafa breytt miklu, fyrir marga.

Fleiri lög má nefna sem varða stöðu fjölskyldunnar og einstaklinga innan hennar, sem breytingar hafa verið gerðar á héraendis, hin síðustu ár, í samræmi við áður nefnda lagaþróun , s.s. að kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga hefur verið endurbættur, skólalöggjöfin hefur verið gerð ítarlegri. Heilbrigðis- og tryggingalöggjöf hefur verið endurskoðuð. Málefni fatlaðra hafa fengið aukið rými sem og málefni innflytjenda ... og svo mætti lengi telja.

Af framangreindri upptalningu sést að málefni fjölskyldunnar, einstaklinga innan hennar, eru margslungin og snerta á einn eða annan hátt meira eða minna öll viðfangsefni samfélagsins, sem segir okkur að í löggjöfin endurspeglast það þjóðfélag sem við lifum og hrærumst í hverju sinni – tíðarandinn birtist í löggjöfinni.

Að þessu sögðu er það skoðun mín og margra fleiri að ffærasælast sé að rannsóknir í fjölskyldumálefnum verð i- alla jafna - byggðar á þverfræðilegu sýn hinna ýmsu sérfræðinga. Þannig fæst nauðsynleg heildarsýn á hin fjölmörgu viðfangsefni fjölskyldunnar, sem, m.a. ,getur orðið góður grunnur undir lagasetningu.

Það var draumur Ármanns heitins Snævarr að stofnuð yrði þverfræðileg stofnun í málefnum fjölskyldunnar og sá draumur rættist þegar Rannsóknastofnun sem kennd er við hann var sett á laggirnar haustið 2009.

Til að halda draumi hans á lofti hefur stofnunin þegar staðið fyrir gerð þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi, en að þeirri rannsókn komu m.a. meistaranemar í lögfræði, félagsráðgjöf og menntavísindum. Niðurstöður þessarar rannsóknar komu út á bók árið 2011 og voru kynntar sérstaklega fyrir mennta- og menningarmálaráðherra, sem aftur vísaði þeim til verkefnisstjórnar um einelti á vegum þrggja ráðuneyta, sem tekið hefur tillögurnar upp á sína arma og vonandi leiðir það til sýnilegs árangurs baráttunni gegn einelti.

Það sem ég tel sem sagt mikilvægt er að rannsóknir varðandi fjölskylduna og einstaklinga innan hennar, séu unnar út frá þverfræðilegu sjónarhorni – því með þannig fæst betri heildarmynd af raunverulegri stöðu mála hverju sinni ... og svo er það annað sem ég tel ekki síður mikilvægt að niðurstöðum rannsókna sé komið opinberlega á framfæri – þekkingunni sé ekki sóað heldur hún nýtt til góðra verka – eins og t.d. að betrubæta löggjöf og lagaframkvæmd þannig að hún þjóni borgurum, fjölskyldunni, frumeiningu þjóðfélagsins, sem allra best.

